

# HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

## Tímabundið STARFSLEYFI

**Isavia**

591219-1380

*Starfsleyfi fyrir niðurrif vélageymslu á Þingeyrarflugvelli  
F212-5113, húshluti 06 0101 og landnúmer 140643*

Heimilisfang:  
Þingeyrarflugvöllur

Nafn rekstraraðila: Isavia Innanlands ehf

Kennitala rekstraraðila: 591219-1380

**Útgáfudagur: 1. apríl 2020**

**Gildir til: 1. september 2020**

Starfsleyfi þetta, er veitt skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, m.s.br. og skv. Hollustuháttareglugerð nr. 941/2002 með síðari breytingum.

Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga og laga nr. 61/2013 um eiturefni og reglugerða settum samkvæmt þeim. Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunnur að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfis-skilyrðum:  
Almenn starfsleyfis-skilyrði fyrir mengandi starfsemi nr. 582/2000  
Starfsleyfis-skilyrði fyrir flutning á úrgangi öðrum en spilliefnum

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sækir um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsál þessa leyfis er óheimil. Skyld er að framvísa starfsleyfis-skilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga upp á áberandi stað. Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Starfsleyfi þetta er veitt með fyrirvara um samþykki heilbrigðisnefndar



Bolungarvík 25.3 2020

Isavia Innanlands ehf  
Sigrún Björk Jakobsdóttir  
Reykjavíkurlflugvöllur  
102 Reykjavík

## Tímabundið starfsleyfi fyrir niðurrif vélageymslu, Þingeyrarflugvelli

Starfsleyfið gildir til 1.9 2020. Í samræmi við gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit Vestfjarðasvæðis frá 1. mars 2019 nr. 388/2017 er

Starfsleyfisgjald er kr 28.428. Reikningur í samræmi við það verður sendur síðar.

Eigandi/forráðamaður skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrirtækisins sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, svo og önnur lög og reglur er starfsemina varða. Fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á framleiðslu og rekstri skulu gerðar í samráði við heilbrigðiseftirlitið.

Starfsleyfi þetta, er veitt skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, m.s.br. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Skv. minnisblaði Verkís varðandi niðurrif skemmunar verður hún færð og sett upp á Bíldudal og það sem skemmist verður fargað á viðurkenndum förgunarstað. Ekki er áætlað að um mengaðan úrgang sé að ræða en ef slíkt kemur í ljós þá mun honum vera fargað með viðurkenndum hætti.

Skv. 65. gr laga 7/1998 er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011. Kæra til Úrskurðarnefndar frestar ekki réttaráhrifum Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar er einn mánuður. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

### Starfsleyfis skilyrði

1. Eftir því sem við á gilda ákvæði í starfsleyfis skilyrðum leyfishafa við allar framkvæmdir sem leyfi þetta gildir um, fái leyfishafi utanaðkomandi aðila til að vinna einstaka hluta framkvæmdar eða framkvæmdina í heild.
2. Eftir því sem við á skal framkvæmdaraðili hafa tilskilin réttindi til meðhöndlunar á asbesti frá Vinnueftirlitinu
3. Áður en niðurrif byggingar hefst skal liggja fyrir framkvæmdarleyfi byggingarfulltrúa og úttekt heilbrigðisfulltrúa, sem jafnframt hefur eftirlit með framkvæmdinni og gerir úttekt að henni lokinni. Sé asbest í byggingunni skal jafnframt liggja fyrir heimild til meðhöndlunar frá Vinnueftirlitinu.
4. Eingöngu er heimilt að flytja úrgang til meðferðar og/eða förgunar á móttökustaði sem hafa gilt starfsleyfi til að taka við og meðhöndla viðkomandi úrgang
5. Hættulegur farmur skal fluttur af flutningsaðila sem hefur ADR-réttindi til slíks flutnings.
6. Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnaránaði skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.
7. Starfseminni skal hagað þannig að ekki valdi hún nágrönnum eða fólki í nærliggjandi húsum óþægindum vegna fjúkandi úrgangs, lyktar, ryks, hávaða eða annars ónæðis.